



FUNDARGERÐ 509. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 4. desember 2024. Fundurinn er settur klukkan 11:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Níu mánaða uppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri fer yfir níu mánaða árshlutauppgjör SORPU bs.

Uppgjörið fylgir fundargerð.

2. Málafni endurvinnslustöðva – skil starfshóps um staðarval stöðvar í stað stöðvar á Dalvegi

Bryndís Skúladóttir, verkfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf, og Ísól Fanney Ómarsdóttir, áhættu- og verkefnastjóri hjá SORPU, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Á fundi stjórnar Sorpu þann 21. desember 2023 var samþykkt að koma á fót starfshópi um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar við Dalveg, sem stóð til að loka 1. september 2024. Á 500. stjórnarfundum SORPU, þann 1. júlí 2024 samþykkti stjórn drög að samkomulagi um að seinka lokun endurvinnslustöðvar á Dalvegi til 1. september 2025.

Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hópsins væri að greina valkosti til að koma til móts við þörf íbúa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Garðabæ og Kópavogi, fyrir aðgengi að endurvinnslustöð frá þeim tímapunkti sem endurvinnslustöðin við Dalveg lokar. Hópnum væri ætlað að:

1. Fara yfir núverandi stöðu, draga saman mikilvægar upplýsingar um hlutverk Dalvegs og veitta þjónustu.
2. Greina þörf fyrir stærð og hlutverk nýrrar endurvinnslustöðvar.
3. Afla upplýsinga um mögulegar staðsetningar í sveitarfélögunum tveimur og útfæra tillögur þess efnis.

Bryndís Skúladóttir kynnir niðurstöðu starfshópsins.

Stjórn SORPU bókar:

„Stjórn þakkar starfshópi fyrir vel unnin störf og vísar greinargerðinni til umfjöllunar í viðeigandi sveitarfélögum.“

3. Starfsmat stjórnar

Sara Fönn Jóhannesdóttir, og Lovísa Ólafsdóttir frá Deloitte, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Í starfsreglum stjórnar frá árinu 2016 er tilgreint að stjórn skuli árlega meta störf sín, verklag og starfshætti. Einnig skal metið hvort mikilvæg málefni samlagsins séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórninni. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnar.

Gestir kynna niðurstöður starfsmatsins.

Starfsmenn víkja af fundi og stjórn ræðir niðurstöður starfsmatsins.

4. Málefni urðunarstaðar – heimild til að skoða samstarf um rekstur urðunarstaða við önnur byggðarsamlög

Unnið að því að lágmarka urðun á urðunarstaðnum í Álfsnesi í kjölfar viðauka sem gerður var við eigendasamkomulag SORPU í nóvember árið 2023. Í viðaukanum segir meðal annars að SORPA skulu leita að nýjum urðunarstað fyrir höfuðborgarsvæðið. Vel hefur gengið að draga úr urðun. Urðun á lífrænum úrgangi var alfarið hætt í lok árs 2023, og hefur urðun dregist saman um 90% milli ára.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um möguleika á samstarfi við önnur sorpsamlög sem hafa yfir að ráða urðunarstöðum en eiga ekki beinan aðgang að öðrum úrgangsinnviðum, á borð við GAJU og fleira.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að kanna möguleika á samstarfi við önnur byggðar- og sveitarfélög að starfrækja urðunarstað.

Minnisblað fylgir fundargerð.

5. Starf undirnefnda stjórnar – starfskjaranefnd

Á fundi stjórnar SORPU þann 18. september síðastliðinn fól stjórn framkvæmdastjóra að móta tillögur að stofnun starfskjaranefndar. Bókun stjórnar vegna málsins.

„Formaður kynnir tillögu um stofnun starfskjaranefndar SORPU. Stjórn vísar málinu til framkvæmdastjóra og felur honum að móta nánar útfærslu nefndarinnar fyrir næsta fund.“

Stjórn samþykkti á fundi þann 2. nóvember síðastliðinn, að koma á fót starfskjaranefnd fyrir SORPU á grundvelli minnisblaðs frá framkvæmdastjóra þess efnis.

Starfskjaranefnd Sorpu er undirnefnd stjórnar SORPU með það hlutverk að undirbúa ákvarðanir stjórnar SORPU um starfskjarastefnu og gera tillögur til stjórnar SORPU um starfskjör framkvæmdastjóra og stjórnarmanna.

Stjórn SORPU skipar starfskjaranefnd og sitja í henni þrír fulltrúar. Stjórn SORPU kýs formann, en nefndin mun að öðru leyti skipta með sér verkum. Tveir af þremur nefndarmönnum eru óðháðir SORPU. Ákveðið var á áður nefndum fundi stjórnar SORPU að formaður stjórnar SORPU skuli sitja í nefndinni fyrir hönd stjórnar.



Formaður stjórnar gerir grein fyrir vinnu starfskjaranefndar og leggur fram fundargerð 1. fundar nefndarinnar.

Fundargerð starfskjaranefndar fylgir fundi.

6. Málefni milli funda

Farin var ferð hluta stjórnar og starfsmanna, ásamt kjörnum fulltrúum á Suðurnesjum, til Finnlands til að kynna sér þarlendar hátæknibrennslur.

Stofnun undirbúningsfélags um hátæknibrennslu er í burðarliðnum.

Framkvæmdastjóri og starfsmaður SORPU kynntu sér starfsemi hringrásariðgarðs í Danmörku, ásamt starfsmönnum dótturfélaga Reykjavíkurborgar og fleirum.

Framkvæmdastjóri og starfsmenn sóttu brennsluráðstefnu á vegum ISWA. Stóru línurnar ræddar, með áherslu á brennslur. Til skoðunar bann á urðun í Evrópu, sem þarf að komast í brennslu. Það hefur líklega í för með sér umframeftirspurn fyrir brennslur í Evrópu.

Rætt var um mikilvægi þess að finna textíl tryggan farveg.

7. Önnur mál

Stjórn ákveður að fundir stjórnar verði frá og með 8. janúar annan miðvikudag hvers mánaðar klukkan 16:00.

Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 13:27.